



Nefndasvið Alþingis

vegna 145. löggjafarþings 2015- 2016
og þingskjals 51 — 51. mál.


Hafnarfjörður 11. apríl 2016

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um spilahallir

Valitor hf. gerir athugasemd við 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins er einungis gert ráð fyrir að hægt sé að skipta fjármunum í spilapeninga með reiðufé en ekki með öðrum greiðslumiðlum eins og greiðslukortum. Að ströngum skilyrðum uppfylltum heimila alþjóðleg kortasamtök að greiðslukort séu notuð í fjárhættuspilum. Þar sem ekkert mælir gegn notkun greiðslukorta af þeirra hálfu í þeim tilvikum sem kveðið er á í frumvarpinu telur Valitor að sá greiðslumiðill ætti að vera heimill til kaupa á spilapeningum við skiptikassa spilahallar og til endurgreiðslu andvirðis spilapeninga. Ekki eigi að hygla reiðufé sem greiðslumiðli umfram aðra greiðslumiðla. Greiðslukort er heimilað í þessu skyni í spilahöllum í öðrum löndum og er aukinheldur sá greiðslumiðill sem er algengari í notkun en reiðufé. Þá telur Valitor einnig að tekjuskráning spilahallar verði gegnsærri ef stuðst er við greiðslukort í stað reiðufjár.

Valitor fer því fram á að 3. mgr. 17. gr. verði breytt og verði svohljóðandi: „*Heimilt er að kaupa spilapeninga með greiðslukorti eða skipta reiðufé í spilapeninga við skiptikassa spilahallar og við spilaborð en aðeins er heimilt að skipta spilapeningum í reiðufé eða gera endurgreiðslu á greiðslukort ,við skiptikassa spilahallar.*”

Með kveðju,



Erla Þuríður Pétursdóttir, Yfirlögfræðingur

VALITOR